

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sandgerði.

Deiliskipulag við Bogabraut og Holtsgötu.

Bæjarráð hefur þann 8. júlí 2003 skv. samþykkt í umboði bæjarstjórnar, sbr. 48. gr. í samþykktum um um stjórn og fundarsköp Sandgerðisbæjar, samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Bogabraut og Holtsgötu.

Skipulagstillagan hefur fengið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sandgerði, 6. desember 2004.

F.h. Sandgerðisbæjar,

Guðfinnur G. Þórðarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Hraunsholti, Ásum í Garðabæ vegna göngustígs.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Hraunsholti í Ásum á svæði á milli Lerkiáss og Brúnáss.

Í skipulagsbreytingunni felst að stígur á opnu svæði á milli Brúnáss og Lerkiáss er færður til austurs miðað við legu sem sýnd er á upphaflegum deiliskipulagsuppdrætti.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagsbreytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 7. desember 2004.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

REGLUR

um viðskipti lánastofnana við Seðlabanka Íslands.

Eftirfarandi reglur gilda um viðskipti Seðlabanka Íslands og þeirra lánastofnana sem eiga bundna innstæðu í bankanum skv. reglum um bindiskyldu, nú nr. 906 frá 1. desember 2003. Þá gilda ákvæði 2., 3. og 4. mgr. 1. gr. og 5.-7. gr. reglna þessara eftir því sem við á um viðskipti Seðlabankans við sjóði í eigu ríkisins sem tilgreindir eru í A-hluta ríkisreiknings, lánastofnanir í eigu ríkisins sem tilgreindar eru í C-hluta ríkisreiknings og fjármálastofnanir ríkisins sem tilgreindar eru í D-hluta ríkisreiknings, sbr. 3. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins.